

Bæjarstjórn Blönduósbæjar
33. FUNDUR – 29. janúar 2009

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 33. fundar fimmtudaginn 29. janúar 2009 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Fundurinn er aukafundur. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stefanía ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Málsmeðferð meirihluta E-listans við ráðningar á bæjarstjórum á kjörtímabilinu 2006-2010 og við starfslok fyrri bæjarstjóra.

2. Erindi Láru V. Júlíusdóttur hrl. fyrir hönd Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, þar sem gerð er krafa um greiðslu 2.925.453,- vegna mismuna á launum hennar og núverandi bæjarstjóra út núverandi kjörtímabil.

Afgreiðslur:

1. Valgarður rakti feril ráðninga þeirra sem gegnt hafa starfi bæjarstjóra frá 2006. Fram kom að samningar þessir hafa ekki alltaf verið lagðir fyrir bæjarstjórn. Varðandi síðasta samninginn vitnaði Valgarður í fundargerð frá 9. okt. 2007 þar sem Jónu Fanney Friðriksdóttur var falið að ganga frá samningi við núverandi bæjarstjóra. Valgarður gekk frá þeim samningi í samráði við meirihluta. Sá samningur var ekki lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Forseti vitnaði einnig í fundargerð frá 25. júní sl. þar sem fram komu upplýsingar um laun stjórnenda bæjarins. Valdimar sagði frá því að hann hefði í bæjarstjórn kallað eftir afgreiðslu samnings við núverandi bæjarstjóra. Ágúst Þór harmar þá stöðu sem þessi mál eru komin í og vísar ábyrgðinni til meirihlutans. Jóna Fanney Friðriksdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:
*„Ráðningarsamningar undirritaðrar sem fyrrverandi bæjarstjóra, voru lagðir fyrir Bæjarstjórn þann 16. júlí 2002 og fyrir bæjarráð þann 19. júlí 2006 (sem hafði fullnaðarafgreiðslu mála í hendi í sumarleyfi bæjarstjórnar), enda kveður 59. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Blönduósbæjar á um það. Þar segir orðrétt: „Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. **Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn**“.* Gefum okkur að mannleg gleymaska hafi átt sér stað og gleymst hafi að staðfesta ráðningarsamninginn fyrir bæjarstjórn á sínum tíma haustið 2007. Það breytir því ekki að bæjarfullrúi Á-listans bendir á þessa staðreynd í bókun sinni í bæjarráði nokkrum mánuðum síðar eða í júní 2008. Þar óskar hann skriflegra svara á komandi fundi bæjarstjórnar við þeirri spurningu um hvenær ráðningarsamningur núverandi bæjarstjóra hafi verið staðfestur. Af hverju var spurning hans hunsuð á fundi bæjarstjórnar í júní 2008 og af hverju var ráðningarsamningurinn ekki lagður fram í kjölfarið eins og reglur kveða á um?“

Valgarður sagðist taka á sig mistök varðandi framgang mála en hann bæri varla ábyrgð á þeim einn og vísaði til annarra fulltrúa meirihlutans.

Fram var lögð eftirfarandi bókun:

„Undirritaðir bæjarfulltrúar D og Á – lista bjóðast til að taka tímabundið að sér stjórnun bæjarstjórnar og bæjarráðs. Tillagan felur það í sér að kjörnir fulltrúar E-listans stígi til hliðar á meðan farið er í saumana á þeim ágreiningi sem þar er. E-listinn fékk 4 kjörna bæjarfulltrúa í síðustu kosningum og því hreinan meirihluta í bæjarstjórn. Á síðustu mánuðum hefur bæjarstjórn staðið þétt saman að stjórnun bæjarins og afgreiddi meðal annars fjárhagsáætlun 2009 samhljóða á fundi í

desemeber síðastliðnum. Þennan ávinning af góðu samstarfi innan bæjarstjórnar viljum við varðveita. Í ljósi þeirra ágreiningsefna sem fram hafa komið teljum við rétt að bjóða E-listanum að fá tækifæri til þess að fara í gegnum sín mál og í framhaldi af því taka afstöðu til þess hvort ekki séu forsendur til þess að þeir komi aftur við stjórnun bæjarins að einhverjum tíma liðnum."

Undir bókunina skrifa þeir: Ágúst Þór Bragason, D- lista, Kári Kárason D-lista og Valdimar Guðmannsson Á-lista.

2. Varðandi afgreiðslu þessa liðar vék Jóna Fanney af fundi. Forseti lagði til að bæjarstjóra væri falið að semja við Ragnar Hall hrl. til að gæta hagsmuna bæjarins í þessu máli og var það samþykkt. Jóna Fanney mætir aftur til fundarins. Í lok fundar óskaði Jóna Fanney eftir að leggja fram eftirfarandi bókun og var það samþykkt:

„Ég undirrituð, Jóna Fanney Friðriksdóttir, harma þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í stjórnarsýslu Blönduósbæjar í nafni E-listans undanfarna mánuði. Sbr. bréf, dags. 28. janúar sl. sem mér barst í ábyrgðarpósti frá Valgarði Hilmarssyni, Jóni Aðalsteini Sæbjörnssyni og Héðni Sigurðssyni og líta þeir svo á að meirihlutasamstarfi okkar sé lokið. Ástæðu slitanna telja þeir framgöngu mína undanfarna daga. Ég bendi hins vegar á að framganga þeirra í minn garð síðustu 15 mánuði byggir á trúnaðarbresti, skýlausu lögbroti og leynd á upplýsingum til mín sem meirihlutafulltrúa og samherja þeirra undir merkjum E-listans. Ég harma það jafnframt að áður hefur verið brotið á mér af sveitarfélaginu hvað jafnréttislög varðar og að stjórnarsýsla Blönduósbæjar sé ekki þroskaðri en svo að menn læri af reynslunni. Ég hef tekið þá ákvörðun að starfa ein og óháð innan bæjarstjórnar út kjörtímabilið, bundin lögum og sannfæringu minni um afstöðu til einstakra mála og mun ég gegna störfum mínum af alúð og samvirkusemi sbr. 28 gr. sveitarstjórnarlaga frá 1998/45, fyrst og síðast með hagsmuni íbúa sveitarfélagsins að leiðarljósi."

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:40

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Kári Kárason (sign.)

Stefanía A. Garðarsdóttir (sign)